

Veitufyrirtæki á Íslandi hafa sameinast um að litamerking lágspennustrengja verði í samræmi við íslenskan staðal SAM HD 308 S2.

1. Markmið


- Samræming litamerkinga jarðstrengja allra veitufyrirtækja á Íslandi.
- Nota staðlaða framleiðslu jarðstrengja til hagræðingar í innkaupa- og birgðamálum.

2. Litamerking

Helsta breytingin frá eldri fjórleiðarastrengjum er að einn fasaleiðarinn er nú grár í stað þess að vera blár.

Eftirfarandi litamerking er nú notuð í lágspennudreifikerfi og heimtaugum:

Brúnn	L1
Svartur	L2
Grár	L3
Gul/grænn	PE/PEN



Án skermleiðara



Með skermleiðara

Eindregið er mælt með að þessi litamerking verði látin halda sér í neysluveitunni enda nær staðallinn einnig yfir neysluveitustrengi.

3. Athuga þarf sérstaklega

Við þá ákvörðun veitufyrirtækjanna um að samræma litamerkingar verður breyting hjá þeim flestum miðað við litamerkingu eldri strengja og niðurröðun fasaleiðara. Því er mjög mikilvægt að starfsfólk veitnanna svo og allt rafiðnaðarfólk sem kemur að tengingum fari varlega.

Þegar nýr strengur samkvæmt þessum merkingum er tengdur við eldri streng þarf sérstaklega að gæta þess að fasaröð tengist rétt.

Litir á fösum í plaststrengjum hjá Orkuveitu Reykjavíkur

L1	L2	L3	PE/PEN	
Brúnn	Svartur	Grár	Gul/Grænn	Frá 2002
Blár	Svartur	Brúnn	Gul/Grænn	Frá 1986
Svartur	Svartur	Brúnn	Blár	Frá 1985
Blár	Svartur	Brúnn	Skermur	
Rauður	Blár	Grár	Skermur	
Rauður	Svartur	Blár	Skermur	
Rauður	Svartur	Grár	Skermur	

Fyrir Akranes gildir taflan aðeins frá 2002.

Það er sjálfsögð vinnuregla að lýsa út eða mæla fasaröð áður en spenna er tekin af við tengivinnu.

Víxlun á fasaröð í neysluveitu í rekstri getur valdið tjóni og jafnvel slysi.

4. Listi yfir tengiröð eldri fjórleiðara hjá veitufyrirtækjunum.

	L1	L2	L3
Núverandi litir			
	Br	Sv	Gr
Eldri litir			
Fyrirtæki	Bl	Br	Sv
Hitaveita Suðurnesja	Br	Sv	Bl
- Hafnarfirði	Br	Sv	Bl
- Vestmannaeyjum	Sv	Br	Bl
Orkubú Vestfjarða	Sv	Br	Bl
Orkuveita Húsavíkur	Bl	Sv	Br
Orkuveita Reykjavíkur	Sv	Br	Bl
- Akranesi	Sv	Br	Bl
Norðurorka	Sv	Br	Bl
Rafveita Reyðarfjarðar	Sv	Br	Bl
Rarík	Sv	Br	Bl
Selfossveitur	Sv	Br	Bl